

Teak Oil

Tekkolía



Efnislýsing

International Teak Oil er sérstaklega ætluð fyrir tekk (og annan harðvið) og hentar bæði innan- og utandyra. Hún er þekkt fyrir einstaklega fallega áferð, dýpkar tón viðarins og dregur fram náttúrulega fegurð hans. Tekkolían smýgur vel inn í viðinn og ver hann (jafnvel þegar hann er rakur), hvort sem um er að ræða innihúsgögn, garðhúsgögn eða þilför úr tekki sem dæmi. Hún styrkir og ver yfirborðið og auðveldar þrif á viðnum. Tekkolían byggir á hefðbundinni skandínavískri formúlu úr lín- og tungolíu, þ.e. bestu harðviðarvörn sem völ er á. Hún inniheldur jafnframt ryðvörn fyrir yfirborð úr málm.

Meðhöndlun

1. Ef viðurinn er illa farinn, orðinn grár eða með föstum óhreinindum, skal nota hreinsinn Teak Restorer. Hreinsiefnið hreinsar upp gamlar olíur og óhreinindi en hjálpar viðnum einnig að ná upprunalega viðarlitnum án þess að skemma hann. Bleytið viðinn með vatni og berið hreinsinn á með pensli eða tusku. Látið standa á viðnum í 10-15 mínútur og skrúbbið með húsgagna-stálull ef þess þarf. Þvoið viðinn með hreinu vatni í lokin. Endurtakið þessa aðgerð eftir þörfum. Við þvottinn getur viðurinn ýfst upp. Ef það gerist skal strjúka yfir flötinn með sandpappír nr. 220.
2. Til þess að best til takist þarf viðurinn að vera hreinn og þurr. Berið 1-2 þunnar umferðir á flötinn af Teak Oil með pensli eða tusku og þurrkið umframolíu af eftir 10 mínútur. Snertið ekki viðinn fyrr en olían er orðin þurr. Tekkolíu á útihúsgögnum þarf að viðhalda reglulega.

Athugið: Kviknað getur í oliublautum tuskum og tvisti af sjálfu sér og verður að bleyta í þeim með vatni áður en þeim er hent á öruggan stað.

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússon eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal mála í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrifið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Tegund: Harðviðarolía
Til notkunar: Innan- og utanhúss
Gljástig: Silkimatt
Litur: Glær
Þéttleiki: 0,8 kg/dm³
Purrefni: Um 33%
Þynning: Þynnið ekki
Verkfæri: Tuska og pensill
Loft/yfirborðshiti við málun: 5-35°C
Þurrktími: 16-24 klst, fer eftir hita og rakastigi
Yfirmálun: 8 klst.
Þekja: 4-10 m²/l (fer eftir þurrk í við)
Hreinsun: Penslasápa
Umbúðir: 0,5 lítra flöskur
Rakastig: 40-80% (kjörakastig 65%)
Geymsla: Í frostfríu rými
Rokgjörn lífræn efni: 552 g/l